

Upplýsingatækni í 6. bekk 2021-2022

Kynning á námsgreininni og kennsluáðferðir

Upplýsinga- og tæknimennt stefnir að því að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna tæknifærni og tæknilæsi. Nemendur þjálfast í að nota ýmis forrit og á fjölbreyttan hátt. Þeir fá þjálfun í að flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýnin og skapandi hátt. Oft er unnið þverfaglegt í tímum með námsefni annarra faga. Komið verður til móts við þarfir fjölbreytts nemendahóps eins og kostur er.

Námsáætlun

Dagatal - tímaáætlun:

| Tímabil | Yfirferð námsefnis | Kennsluáðferðir | Tenging við hæfniviðmið |
|-----------------|--|---|--|
| Ágúst-september | Google docs kynnt og ýmis verkefni unnin í því. Fingrasetningaræfingar. | Einstaklings og paravinna. Þjálfun í að taka leiðsögn og uppbyggilegri gangrýni á jákvæðan hátt. | - Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna. - Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum. |
| Október | Google slides forritið rifjað upp og verkefni unnin. Fingrasetningaræfingar. | Einstaklings- og paravinna. Kynning fyrir bekk. Tjáning og miðlun þekkingar. | -Nýtt forritið við miðlun á skapandi og skýran hátt. |
| Nóv.-des. | Námstengd verkefni og forritunarval. | Ígrundað og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og lagt til hvernig megi bæta vinnubrögð. Leitað og sótt upplýsingar í námi í ólíka miðla. | -notað hugbúnað/forrit við framsetningu tölulegra gagna. -notað hugbúnað/forrit við framsetningu tölulegra gagna. |
| Jan.-feb. | Sheetsverkefni, forritið kynnt til leiks. Námstengd verkefni. | Myndræn kennsla, paravinna. Nemendur fá að spreyta sig á að gera spurningakönnun og vinna úr henni. Samstarf og skapandi og gagnrýnin hugsun þjálfuð. | - Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum. -Beitt rétttri fingrasetningu. |
| Mars-apríl | Hljóð- og myndvinnsla. Stuttmyndagerð. Samskiptamiðlar, netöryggi, leit á neti. | Unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samstarfi og samskiptum við aðra. Áttað sig á hættum sem fylgja notkun netsins og annarra samskiptamiðla. | -nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi. -Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu. |
| Maí-júní | Valverkefni í einu því forrita sem unnið var í í vetur. | Notað miðla nokkuð sjálfstætt við sköpun og kynningu efnis. | -Nýtt forritin við miðlun á skapandi og skýran hátt. |

Grunnþættir menntunar

Læsi

Að nemendur öðlist færni í að vinna með mismunandi hugbúnað við verkefnavinnu af ýmsu tagi sem oftast en ekki tengist öðrum námsgreinum á einn eða annan hátt.

Sköpun

Að nemendur beiti hugmyndaflugi við verkefnavinnu sína og læri að nýta þá eiginleika sem tæknin býður upp á.

Jafnrétti:

Að nemendur fari eftir reglum um ábyrga netnotkun og taki tillit til skoðana annarra.

Að nemendur sýni hver öðrum hjálpssemi.

Að nemendur nýti upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt sér til ánægju og gagns.

Nemendur auka skilning sinn á tækni og upplýsingalæsi, þjálfist í að leita að upplýsingum á netinu og meta áreiðanleika þeirra. Unnið verður með myndefni, hljóðefni, töflur og myndrit. Eins fá nemendur þjálfun í uppbyggingu og frágangi ritsmíða og auka færni sína í fingrasetningu.

Í upplýsinga- og tæknimennt þjálfast nemendur í miðla- og upplýsingalæsi auk þess sem þeir læra að búa til efni og miðla með fjölbreyttum aðferðum á skapandi hátt. Í þessari vinnu er verið að efla getuna til aðgerða tengist beint sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum. Unnið er með að efla markvisst sjálfstraust og þrautsegju nemenda á sviði upplýsinga- og tæknimentunar.

Námsmat

Námsmat byggir á virkni nemandans, þeirri afurð sem verður til, sjálfstæði hans og ígrundunar á vinnubrögðum. Þannig vinna nemendur og kennari náið saman við að auka smám saman færni. Nemendur gera tölfræðiverkefni í google sheets, vinna stuttmyndir í spjaldtölvum, þjálfast í fingrasetningu og ritvinnslu ásamt fleiru.

Verkefni vetrarins eru metin og birtist námsmat á hæfnikorti nemandans. Markmiðið er að efla og styrkja nemandann og er áhugi nemenda og eðlislæg forvitni höfð að leiðarljósi við vinnu vetrarins.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Reynt er að örva nemanda til framfara og fá hann til að bera ábyrgð á eigin námsframvindu.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Sel - upplýsinga og tæknimennt 6. bekkur - Vinnulag og vinnubrögð

- Beitt réttri fingrasetningu.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.

Sel - upplýsinga og tæknimennt 6. bekkur - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.

- Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.

Sel - upplýsinga og tæknimennt 6. bekkur - Miðlun

- Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun á skapandi og skýran hátt.

Sel - upplýsinga og tæknimennt 6. bekkur - Skapandi og gagnrýnin

hugsun

- Verið mjög skapandi við vinnu og lausn verkefna.

Sel - upplýsinga og tæknimennt 6. bekkur - Sjálfstæði og

samvinna

- Jafnan tekið tillit til annarra, verið virk/-ur í hópastarfi og lagt sitt af mörkum á uppbyggilegan hátt.
- Nýtt sér mismunandi miðla og sýnt ábyrgð á netnotkun.

Sel - upplýsinga og tæknimennt 6. bekkur - Ábyrgð og mat á eigin

námi

- Nýtt tímann vel og lagt sig fram við námið af alúð.